

Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík, 10. febrúar 2022


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 142. mál (152. löggjafarþing)


Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. janúar, þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Með tillögunni er lagt til að forsætisráðherra verði falið að hrinda í framkvæmd 24 aðgerðum á sviði landbúnaðar í samráði við bændur. Aðgerðirnar hafi það að markmiði að styrkja rekstrarafkomu matvælaframleiðenda í því skyni að verja greinina og verðmæti hennar fyrir samfélagið. Tillagan var áður lögð fram á 151. löggjafarþingi (42. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Bændasamtökin skiluðu umsögn um tillöguna og studdu eindregið að hún yrði samþykkt. Önnur sjónarmið sem þar koma fram eru ítrekuð. Íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir margs konar áskorunum en fjölmörg sóknarfæri eru til aukinnar verðmætasköpunar. Tryggja þarf að starfsskilyrði greinarinnar stuðli að fæðuöryggi, samkeppnishæfni og bættri afkomu bænda. Þá leggja samtökin áherslu á að haft verði samráð við fulltrúa bænda við nánari útfærslu einstakra aðgerða í tillögunni.

Að því sögðu styðja samtökin að tillagan verði samþykkt og eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.